

Fundargerð 33. fundar í stjórn Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar
12. febrúar, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Heilbrigðismál – staða og samningar
 - a. Heilsufélag Reykjanes
Í framhaldi af viðræðum nokkurra aðila á svæðinu um uppbyggingu sérstaks heilsufélags lýsti stjórn ÞK almennum áhuga sínum á þátttöku í verkefninu. Er það í fullu samræmi við stefnu félagsins um uppbyggingu heilsuklasa á svæðinu. Stjórn samþykkti að taka þátt í rekstrarfélagi með sveitarfélögum á svæðinu og leiðandi fyrirtækjum vegna þróunar heilsuklasa með hlutafjárframlagi. Stjórn fól jafnframt framkvæmdastjóra að útfæra og klára málið.
 - b. Leigu- og samstarfssamningur við Detox
Stjórn samþykkti drög samningsins og meginlínur hans og fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningum.
3. Endurbætur á leikhúsi
Kjartan kynnti möguleika í verkefninu og hvernig það gæti nýst. Dýri kom og kynnti verkefnið sem stjórninni þótti áhugavert.
Samþykkt var að fara í framkvæmdir á Andrews Theatre svo það megi þjóna sem aðstaða fyrir leiksýningar o.fl. háð því að samstarfssamningur um sýningar og starfsemi í húsinu gangi eftir.
4. Logo Ásbrúar
Kynnt var nýtt logo fyrir Ásbrú. Stjórn samþykkti eina af þremur tillögum sem lagðar voru fyrir. Unnið verður áfram að uppbyggingu kynningarmála fyrir ÞK og Ásbrú
5. Virkjun – tímabundinn starfskraftur
Samþykkt var að ráða inn tímabundinn starfskraft í 3 mánuði til að sinna verkefninu „Hugmyndir vantar fólk“ í Virkjun að því gefnu að mótframlag fái frá Vinnumálastofnun.

6. Orkurannsóknarstofa
Stjórn samþykkti allt að 150 milljón króna framlag til uppbyggingar á orkurannsóknarstofu á svæðinu. Rannsóknarstofan mun verða mikilvægur miðpunktur varðandi uppbyggingu á orkutækniklasa á svæðinu og mun nýtast bæði til kennslu, rannsókna og til uppbyggingar á orkutengdum frumkvöðlaverkefnum.
7. Base
Stjórn samþykkti beiðni Base um veðsetningu fyrir 60% af þeim greiðslum sem borist hafa vegna lánveitingar frá Sparisjóði Keflavíkur. Stjórn fól stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að ganga frá málinu. Einnig var tekið fyrir erindi um hliðrun á greiðslum gagnvart vöxtum og yrði þá næst greiðsla þann 20. Ágúst 2009 og eftirstöðvar yrðu greiddar á þriggja mánaða fresti þar á eftir. Stjórn samþykkti jafnframt þá tilhögun.
8. Erindi frá Garði, Reykjanesbæ og Sandgerði um samstarf við þróun
Tekið var fyrir erindi frá sveitarfélögunum Garði, Reykjanesbæ og Sandgerði um samstarf við þróun og skipulagningu á svæði norðan við Keflavíkurflugvöll. Svæðið nær frá Helguvík og út fyrir svokallað Rockville svæði. Stjórn lýsti ánægju sinni með slíkt samstarf og samþykkti erindið. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að hefja verkefnið og fylgja eftir vinnslu þess.
9. Önnur mál
 - a. Lýðháskóli
Kynntar voru hugmyndir um lýðháskóla á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þái Sigurjónsson.
Áni Sifrið
Ágúst Ólaf